Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 20. nóvember 2019
2018110005
5.4.2

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

***Fjölskyldugarður***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 11. febrúar 2019 var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. nóvember 2018 varðandi eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.
Tillögunni var vísað til meðferðar menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs.
*"Flokkur fólksins vill leggja þrennt til í sambandi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn: 1. Að öll börn á leikskólaaldri fái frítt inn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, ekki bara þau sem eru yngri en 5 ára. 2. Að ekki verði krafist sérstakrar gjaldtöku í leiktæki eins og hringekjuna. 3. Að farið verði þess á leit við stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins/ÍTR að gert verði sérstakt átak í að laða gesti að garðinum um helgar sérstaklega yfir vetrartímann."*
Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar 2020.
Vegna þessa er eftirfarandi lagt til:

- að börn yngri en sex ára greiði ekki aðgangseyri í Fjölskyldugarðinn frá og með 1. janúar 2020.
- að ekki verð innheimtur aðgangseyrir í Fjölskyldugarðinn virka daga á tímabilinu 1. desember - 1. mars.

Þá má benda á að í vetur hefur verið sérstök markaðsáætlun varðandi vetrartímann og m.a. lengri opnun á miðvikudögum og áfram verður sérstakt kynningarátak til að laða gesti í garðinn yfir vetrartímann.

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000